



Ólafur Jónsson

Höfundur var á sínum tíma við sérfræðinám á Massachusetts General Hospital í Boston. Síðar svæfingalæknir á Borgarspítalanum í 33 ár.

Upphaf svæfinga og Eterhvelvingin í Boston

Hér verður sagt frá merkjum atburði í sögu lækninganna sem átti sér stað í Boston fyrir tæpum 180 árum. Sýnt var fram á að hægt væri að gera skurðaðgerð án þess að sjúklingur myndi sársauka. Þetta var á Massachusetts General Hospital 16. október 1846. Skurðaðgerðin var vegna æxlis í kjálka sjúklings. Svæfingalyfið var Diethyl Eter og var í glerkúlu sem í var svampur, mettaður með lyfinu. Sjúklingurinn, Gilbert Abbot, andaði etergufunni að sér meðan á aðgerðinni stóð og virtist sofandi. Þegar aðgerðinni lauk og hann hafði rankað við sér sagðist hann ekki hafa fundið sársauka. Skurðlæknirinn John Collins Warren, sem var forseti læknadeildar Harvard-háskóla, sagði þá fræg orð: „Gentlemen, this is no humbug.“ Sá sem annaðist svæfinguna hét William

T. Morton og var tannlæknir. Á legstein á gröf hans stendur: „Inventor and revealer of inhalation anaesthesia. Before whom, in all time, surgery was agony. By whom pain in surgery was averted and annulled. Since whom, science has control of pain.“ Fréttin af þessum atburði barst fljótt til Evrópu og víðar þar sem aðferðin var tekin upp. Nýir tímar í sögu lækninganna voru hafnir.

Fyrir tíma svæfinganna var staða skurðlækna og sjúklinga erfið vegna þess að nær engin úrræði voru til þess að stilla sársauka við skurðaðgerðir. Mikil áhersla var á mikinn hraða við aðgerðir, svo sem aflimanir, vegna geysilegs sársauka sjúklinga. Vegna þess munu skurðstofur hafa verið hafðar nokkuð afsíðis svo síður heyrðust sársauka- og örvæntingarvein sjúklinganna.

Skurðstofan þar sem þetta gerðist var í elstu byggingu spítalans. Hann var stofnaður árið 1811 og var sá fyrsti í Nýja-Englandi. Þessi bygging stendur enn og mun í fullri notkun. Hún ber nafn arkitektsins, Charles Bulfinch. Efst í byggingunni fyrir miðju undir veglegu hvolfpaki var skurðstofan sem síðar fékk nafnið Ether Dome.

Þessi skurðstofa var í notkun til 1867. Síðan var hún notuð sem geymsla, svefn-skáli og síðar matstofa hjúkrunarkvænna. Frá árinu 1892 hefur húsnæðið verið notað til fræðslustarfa. Þar er hátt til lofts og upphækkaðar sætaraðir í tæpan hálfhring og nútímatækni til staðar.

Nálægt 150 ára afmæli atburðarins var ákveðið að minnast þessa með viðeigandi hætti. Nokkrir læknar tóku sig saman og fengu til liðs við sig listmálara, myndatökumenn og förðunarameistara. Í leikhúsi fengu þeir búninga tíðarandans. Settu svo atburðinn á svið. Afraksturinn var málverk sem nú er á áberandi stað í Ether Dome.

Til gamans má geta þess að árið 1823 var spítalanum gefin múmía frá Egyptalandi. Hún hefur áratugum saman verið geymd í Ether Dome og verið rannsökuð ítarlega, síðari árin með nútímatækni. Árið 1960 gat fræðimaður lesið myndletur (hýeróglífur) í kistunni. Múmían var af karlmanni sem uppi var í borginni Þebu um 600 f. Kr. á tímum 26. konung-sættar. Hann hét Padihershef og starfaði sem leitarmaður að heppilegum grafarstæðum.

Þá er þarna stytta af guðinum Apolló sem meðal annars var guð visku og lækninga, sbr. upphaf hins forna Hippókratesareids: „Ég sver við Apolló, sem læknar, Asklepíus ... að ég mun framkvæma eftir kunnáttu minni og dómgreind þennan eið.“ Styttan var gefin spítalanum árið 1845. Þetta er afsteypa



Ether Dome og múmían Padihershef. Gömul mynd/ljósmyndarinn óþekktur.

af stytta sem fannst í Róm á tímum endurreisnarinnar og er geymd í Páfagarði.

Árum saman hefur í Ether Dome farið fram fræðslustarfsemi ýmiss konar og fundir. Þar hafa meðal annars lengi farið fram vikulegar, formlegar, vandaðar, fræðandi og skemmtilegar æfingar í sjúkdómsgreiningum. Vel lærður læknir er látinn spreyta sig á greiningu á strembnu sjúkratilfelli og meðferð rædd. Þetta efni hefur síðan birst í *New England Journal of Medicine* undir heitinu: „Case Records of the Massachusetts General Hospital.“

Þessi staður hefur þótt sögulega merkur og árið 1965 var Ether Dome skráð sem „National Historic Site“ og mun opið almenningi.

Atburðurinn frá 1846 sviðsettur.
Ljósmynd af málverki/Andrew Ryan



Framkvæmdastjóri lækninga við HVE

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra lækninga við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.

Umsóknarfrestur til og með 21. apríl 2023

Heilbrigðisstofnun Vesturlands veitir fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita. Kjarnastarfsemin skiptist á þrjú svið eftir meginviðfangsefnum þ.e. heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasvið.

Hæfnikröfur

- Fullgild réttindi sem læknir með sérfræðimenntun og íslenskt starfsleyfi
- Menntun og/eda reynsla á sviði stjórnunar í heilbrigðisþjónustu æskileg
- Góð þekking á íslensku heilbrigðiskerfi og lagaumgjörð
- Reynsla af mannauðsmálum og teymisvinnu
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði, áreiðanleiki, metnaður, jákvætt viðmót og samskiptaþæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirmaður allrar lækniþjónustu stofnunarinnar og ber faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem undir hann heyrir skv. skipuriti
- Skipuleggur, samræmir og hefur umsjón með mönnum og framkvæmd lækniþjónustunnar
- Situr í framkvæmdarstjórn og ber ábyrgð með henni á áætlanagerð, rekstri og þjónustu auk annars
- Umsjón og eftirlit með gæðamálum, sýkingarvörnum ofl.
- Er formaður viðbragðsstjórnar og á sæti í lyfjanefnd

Nánari upplýsingar og umsóknir eru á : www.hve.is eða www.starfatorg.is. Laun skv. Læknafélagi Íslands

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Þátttaka í klínísku starfi er eftir samkomulagi. Staðan veitist frá 1. september 2023.

Umsókn skal fylgja ítarlegar og staðfestar upplýsingar um nám og fyrri störf ásamt staðfestu afriti af starfsleyfi og prófskírteinum. Umsóknum fylgi kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni og sýn á starfið. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggir ákvörðun á ráðningu á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar, viðtölum og umsögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir: Jóhanna F. Jóhannesdóttir, forstjóri. Johanna.johannesdottir@hve.is